

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**781. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 25. febrúar 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Lagning hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri.
2. Umsóknir um starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
3. Starfsmannamál í þjónustumiðstöð (áhaldaári).
4. Upplýsingar um XXVII. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Erindi félagsins Eyðibýli-áhugamannafélag.
6. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
7. Ársskýrsla og ársreikningur Veiðifélags Víðidalssár fyrir árið 2012.
8. Bréf fulltrúa Umf. Hörpu og kvenfélagsins Iðunnar.

### Afgreiðslur:

1. Farið yfir upplýsingar og atriði er snerta mögulega lagningu hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri. Forstöðumanni tæknideildar falið að kanna nokkur atriði frekar og leggja fyrir næsta fund byggðarráðs. Þá var kynnt fyrirspurn frá Pálma Geir Ríkharðssyni um lagningu hitaveitu að Syðri-Völlum. Forstöðumaður tæknideildar lagði fram upplýsingar vegna hitaveitu að Syðri-Völlum og var honum falið að kynna þær fyrir eigendum.
2. Fram lagðar umsóknir um starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra. Umsóknarfrestur um starfið rann út þann 16. febrúar sl. Eftirtaldir 11 einstaklingar sóttu um starfið:  
Ari Arthursson.  
Atli Marel Vokes  
Einar Magnús Einarsson.  
Karl Ómar Jónsson.  
Kristinn L. Aðalbjörnsson.  
Lúther Ólason.  
Rúnar Guðmundsson  
Sigurbjartur Halldórsson.  
Tómas Ellert Tómasson.  
Valdimar Harðarson.  
Þórey Edda Elísdóttir.  
Byggðarráð felur Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra, Leó Erni Þorleifssyni, oddvita og Elínu R. Línal, sveitarstjórnarmanni að fara yfir umsóknirnar og gera tillögu til sveitarstjórnar um ráðningu sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
3. Sveitarstjóri tilkynnti að Indriði Benediktsson hafi verið ráðinn í starf verkamanns í þjónustumiðstöð (áhaldaári) frá og með 1. mars nk. 5 umsóknir bárust.
4. Upplýsingar um XXVII. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga lagðar fram til kynningar. Landsþingið verður haldið í Reykjavík þann 15. mars nk.
5. Fram lagt erindi Eyðibýla-áhugamannafélags þar sem greint er frá megin verkefni félagsins sem felst í rannsókn og skráningu yfirgefna íbúðarhúsa á landsbyggðinni undir heitinu „Eyðibýli á Íslandi“. Rannsóknin hefur staðið yfir frá árinu 2011 og áformað er að

skrá eyðibýli á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum á árinu 2013. Óskað er eftir kr. 100.000- fjárframlagi frá Húnaþingi vestra vegna verkefnisins. Byggðarráð samþykkir erindið.

6. Fram lagt aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. en fundurinn verður haldinn í Reykjavík þann 15. mars nk. kl. 16:00 Samþykkt að Skúli Þórðarson, sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum.
7. Ársskýrsla og ársreikningur Veiðifélags Víðidalsár fyrir árið 2012 lögð fram til kynningar.
8. Fram lagt bréf fulltrúa Umf. Hörpu og kvenfélagsins Iðunnar þar sem óskað er viðræðna við fulltrúa sveitarfélagsins um leigugjald v/ afnota félaganna af skólahúsnæðinu á Borðeyri. Samþykkt að sveitarstjóri og formaður byggðarráðs ræði við fulltrúa félaganna. Samþykkt að taka á dagskrá:
9. Fram lögð ársskýrsla íþrótt- og tómsfundafulltrúa fyrir árið 2012.
10. Fram lögð ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra fyrir árið 2012.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:47

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.